

## Fundargerð háskólaráðs

332. fundur mánudaginn 26. ágúst 2013

stofu 262, Borgum kl. 13.10 – 15.45.

Rektor Stefán B. Sigurðsson setti fund kl. 13.10.

Mættir voru auk hans:

Hermína Gunnþórsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins

Hjörleifur Einarsson fulltrúi háskólasamfélagsins

Kristín Ástgeirsdóttir fulltrúi menntamálaráðherra

Finnbogi Jónsson fulltrúi háskólaráðs

Sigrún Stefánsdóttir varafulltrúi háskólaráðs

Hafdís Erna Ásbjarnardóttir fulltrúi nemenda

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors

Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri

Úlfar Hauksson forstöðumaður

Gestir:

Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir forstöðumaður Rannsókn- og þróunarmiðstöðvar HA – RHA

---

Rektor kynnti dagskrá.

### 1. Fundargerð síðasta fundar, mál til kynningar

*1301019*

Fundargerðin var samþykkt.

- Rektor sagði frá ferð sinni á Rectors' Forum í Arkhangelsk. Rectors' Forum verður haldið í HA dagana 25. – 28. júní 2014. Temað verður Education, Gender Equality and Health.
- Átján sóttu um Nansensstöðuna fyrir árið 2014. Þær eru nú hjá dómnefnd.
- *1308011*, meðferð umsókna fanga um skólavist. Rektor sagði frá umfjöllun um málið á framkvæmdastjórnarfundi 22. þ.m. Ferli umsókna frá föngum verður sett í skýran farveg.
- Fyrsti grænlenki nemandinn hefur hafið nám við Háskólann á Akureyri.

SMS  
K.A.  
HA  
11/8/13

- Rektor sagði frá tveim stórum ráðstefnum sem nýafstaðnar eru í HA, NRF- ráðstefna og ESPON-ráðstefna. Áherslan var á norðurslóðamál.
- Dagana 12. – 14. okt. verður ráðstefna Arctic Circle í Hörpu. Það verður einsk. norðurslóðakaupstefna. Og áður, 8. – 10. október, verður ráðstefna Arctic Energy Summit í Hofi.

## 2. Rekstraryfirlit janúar-júlí

1303034

Úlfar útskýrði yfirlitið.

Staða kennsludeilda, stoðþjónustu og ýmissa verkefna er 54,94% af áætlun en viðmiðið er 58,33%. Rekstur kennsludeilda einna sér er 63,39% af áætlun. Eftir er að færa u.þ.b. 14 mkr. tekjur á fræðasviðin (af liðnum rannsóknamisseri) og verður rekstur þeirra þá í jafnvægi. Rekstur stofnana og setra með eigin tekjur er innan marka og rekstur háskólans í heild er það einnig.

Greindi Úlfar frá því að búið er að endurskoða rekstraráætlun ársins.

Þetta var bókað á fundi framkvæmdastjórnar 22. ágúst:

“Venjubundin endurskoðun rekstraráætlunar Háskólans á Akureyri fyrir árið 2013 hefur verið gerð. Ekki þykir ástæða til að gera aðrar formlegar breytingar á áætluninni en þær sem hér greinir.

Framkvæmdastjórn samþykkir að gera eftirfarandi breytingar á áætluninni:

1. Hækka laun á heilbrigðissviði um 2.054.769,-
2. Hækka tekjur á heilbrigðissviði um 2.054.769,-
3. Hækka laun á viðskipta- og raunvísindasviði um 1.274.947,-
4. Hækka tekjur á viðskipta- og raunvísindasviði um 1.274.947,-
5. Hækka laun á hug- og félagsvísindasviði um 3.970.284,-
6. Hækka tekjur á hug- og félagsvísindasviði um 3.970.284,-

Breytingarnar hafa ekki áhrif á áætlaða rekstrarniðurstöðu ársins 2013.”

Háskólaráð samþykkti þessa breytingu á rekstraráætlun.

HR  
SRS  
KJA  
HEA

### 3. Innritun á haustmisseri 2013

"[málsnúmer]"

Ólafur sýndi heildartölur yfir nemendur háskólans 2003-2013. Sýndi hann tölur yfir nemendur lagadeildar og kennaradeildar á sama tímabili, en þeim fer nú fækkandi. Lýsti Ólafur áhyggjum sínum af þeirri þróun. Rætt var um mögulegar skýringar. Í umræðum komu fram ýmsir punktar um hvernig bregðast má við.

- Greina þarf núverandi námsframboð með ýmsa þætti í huga, s.s. kynjajafnvægi og þarfir samfélagsins fyrir háskólamenntað fólk
- Auka þarf möguleika nemenda á meistaranámi, t.d. með auknu flæði milli greina/fræðasviða
- Ákveða á hvaða sviðum háskólinn vil skara fram úr hvað námsframboð varðar
- Tryggja þarf að grunnstoðir námsframboðsins séu styrkar.

Rektor var falið að skipa vinnuhóp um málið. Hópnum verður falið að vinna með hverju fræðasviði fyrir sig og hraða vinnunni.

Rektor þakkaði Ólafi og Úlfari fyrir og fóru þeir af fundinum.

### 4. Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri – RHA, kynning

"[málsnúmer]"

Guðrún Rósa kom á fundinn og bauð rektor hana velkomna. Kynnti hún starfsemi RHA sem stofnuð var 1992. RHA er fjárhagslega aðskilin eining sem starfar að hluta til í samkeppnisumhverfi en heyrir undir HA. Markmið RHA eru meðan annars:

- Að efla rannsóknir við HA
- Hefur vistað ýmsa starfsemi innan HA um lengri eða skemmri tíma
- Sinnir stjórnsýslu fyrir HA.

RHA hefur með höndum gerð rannsókna og kannana (m.a. fyrir kannanateymi gæðaráðs HA) og tölfræðilega úrvinnslu og túlkun gagna úr könnunum. RHA hefur yfir að ráða skjalaskanna sem tekur inn stórar kannanir og setur á stafrænt form.

RHA er aðili að ýmsum stórum Evrópuverkefnum. RHA umsýslar nokkra sjóði fyrir Háskólann á Akureyri. Ráðstefnuþjónusta er vaxandi þáttur í starfsemi RHA.

Starfsmenn eru nú 12 talsins með breiðan menntunargrunn.

SMS  
K  
HGA

Guðrún Rósa svaraði fyrirspurnum fundarmanna.

Rektor þakkaði Guðrúnu Rósu fyrir og fór hún af fundinum.

5. Staða forseta hug- og félagsvísindasviðs

1303020

Sigrún vék af fundi undir þessum lið.

Umsækjendur eru fjórir:

Ingunn Björnsdóttir, Ólína Þorvarðardóttir, Rögnvaldur Ingþórsson og Sigrún Stefánsdóttir.

Haukur Arnþórsson dró sína umsókn til baka.

Kynning á umsækjendum hefur farið fram á deildafundi hug- og félagsvísindasviðs og fundur verður á sviðinu þann 28. ágúst. Áliti fræðasviðsfundarins verður komið til rektors eftir fundinn. Rektor ræður í stöðuna að höfðu samráði við háskólaráð.

Ákveðið var að halda fund í háskólaráði fimmtudaginn 12. september kl. 12. Fundarefni verður ráðning forseta hug- og félagsvísindasviðs.

6. Skipun varamanns í stjórn FÉSTA

1301006

Rektor lagði til að Úlfar Hauksson forstöðumaður yrði skipaður varafulltrúi HA í stjórn Félagsstofnunar stúdenta á Akureyri – FÉSTA, til næstu tveggja ára.

Háskólaráð samþykkti það.

7. Önnur mál

"[málsnúmer]"

Tillaga um fundatíma háskólaráðs á haustmisseri var samþykkt. Fundir verða:

12. september kl. 12-13

27. september kl. 13-16


25. október kl. 13-16

2<sup>5</sup>. nóvember kl. 13-16.

Rætt var um stöðu Uglunnar. Af hálfu HA verður ályktun háskólaráðs frá í júní fylgt fast eftir á fundi Verkefnisstjórnar um samstarf opinberu háskólanna, sem haldinn verður 30. ágúst.

Lykilatriði er að háskólaráð fái skýr viðbrögð við ályktuninni

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.45.

  
Kristín Þorgeirsdóttir  
Hafdis Erna Áspjarnadóttir  
Hermann Grannþorðsson

